

Oxycodon (Targin) og Oxynorm eru sterk og ávanabindandi verkjalyf. Til þess að geta aðstoðað þig á sem bestan hátt er mikilvægt að þú takir fram hvort þú sért með eða hafir átt við áfengis-, lyfja- eða vímuefnavanda. Ekki biðja neinn annan lækni um lyfseðil fyrir verkjalyfjum. Taktu lyfið eingöngu eins og mælt er fyrir um og leyfðu undir engum kringumstæðum öðrum að nota það. Geymdu lyfin þín á öruggan hátt og þar sem börn ná ekki til. Tilkynnið þjófnað til lögreglu.

FARÐU VEL MED MAGANN!

Hægðatregða getur orðið vandamál og stafar af því að þú hreyfir þig minna og notar verkjalyf. Það er því mikilvægt að drekka nóg og borða trefjaríkan mat. Ef nauðsyn krefur fást hægðalyf í lausasölu í apótekum.

Hafið samband!

Vinsamlegast hafðu samband við hjúkrunarfræðing Orkuhússins hafir þú spurningar varðandi umbúðir, bólgu, verki, lyf eða blæðingu í síma 520-0110 milli kl. 08-16 virka daga. Á kvöldin eða um helgar er hægt að hringja á Læknavaktina í síma 1770 og 1700.

Gangi þér vel og góðan bata.

Upplýsingar um lyf eftir gerviliðaaðgerð á mjöðm

Hafir þú notað einhver lyf fyrir aðgerð, að undanskildum verkjalyfjum eða bólgueyðandi lyfjum, skaltu halda áfram að taka þau líkt og áður. Eftir aðgerð er eðlilegt að vera með verki bæði í hvíld og við hreyfingu. Ef þú hreyfir þig of mikið eykst sársaukinn og þess vegna er hófleg hreyfing best fyrstu sex vikurnar. Til að draga úr verkjum ættir þú að taka ávísuð verkjalyf fyrstu vikurnar. Til að ná sem bestum árangri af verkjastillingunni sameinum við venjulega nokkur mismunandi verkjastillandi lyf. Eftir útskrift af deildinni færð þú venjulega verkjastillandi meðferð með sumum eða öllum eftirtalinna lyfja:

- **Oxycodone/Naloxone (Targin) forðatöflur** 7.5mg/5mg sem er ígildi 10mg töflu, sem er langvirkt morfinlyf og er tekið með 12 klukkustunda millibili, til dæmis klukkan 08:00 og 20:00.
- **Panodil** 500 mg, 2 töflur 4 sinnum á dag. Þú munt nota þetta lyf lengst og það hefur líka minnstar aukaverkanir.
- **Oxynorm** 5 mg, sem er fljótvirkt morfinlyf sem hægt er að taka eftir þörfum við ófullnægjandi verkjastillingu. Þú getur að hámarki tekið 4 töflur á dag.
- **Coxerit** 60 mg, 1 tafla einu sinni á dag í 7 daga. Coxerit er nýrri tegund af bólgueyðandi lyfjum.

Önnur lyf sem þú færð ávísuð við heimferð:

- **Eliquis (Apixaban)** 2,5mg, 1 tafla 2 sinnum á dag í 10 daga. Þetta er blóðsegavörn. Það er mikilvægt að þú takir það á sama tíma á hverjum degi. Við mælum með að þú takir það klukkan 08:00 og 20:00.
- **Omeprazol** 20mg, 1 tafla á dag í 14 daga til að vinna gegn brjóstsviða og bakflæði.

Lyfseðlar eru sendir rafrænt í apótek.

Lyfjaáætlun fyrir Oxycodone/Naloxone (Targin) er reiknuð frá útskriftardegi:

Hafa þarf í huga að þegar tekin eru sterk og ávanabindandi verkjalyf er mikilvægt að minnka tíðni og skammtastærðir eins fljótt og auðið er. Næstu þrjár vikur er mælt með að þú takir Oxycodone/Naloxone (Targin) samkvæmt eftirfylgjandi áætlun.

Tveggja vikna niðurtröppun lyfja í áföngum

Lyfjaáætlun fyrir Oxycodone/Naloxone (Targin) verkjastillingu og minnkun.

1. Fyrstu vikuna eftir heimkomu skal taka **Oxycodone/Naloxon (Targin) 5mg** (7.5mg/5mg x1) að morgni og 5mg (7.5mg/5mg x1) að kvöldi.
2. Seinni vikuna tekur þú **Oxycodone/Naloxone (Targin) 5 mg** (7.5mg/5mg x1), aðeins 1 tafla, ráðlagt að kvöldi. Haltu svona áfram í eina eða tvær vikur, allt eftir verkjum þínum, eftir það er hægt að hætta meðferð með **Oxycodone/Naloxone (Targin)** í flestum tilfellum.

Eftir þrjár vikur er meðferð með **Oxycodone/Naloxone (Targin)** hætt.

ATHUGIÐ! Finnir þú ekki fyrir miklum verkjum, getur þú minnkað Oxycodone/Naloxone (Targin) bæði fyrr og hraðar.

Meðferð með Oxycodone/Naloxone (Targin) skal lokið innan þriggja vikna. Eftir það er þörf á einstaklingsbundnu mati á verkjameðferðinni ef þú ert með erfiða verki sem ekki er hægt að meðhöndla með parasetamóli (Panodil) eða bólgueyðandi lyfja eins og Coxerit.

ATHUGIÐ! Aðeins skal auka ávísaðan skammt í samráði við lækni eða hjúkrunarfræðing.